



Reykjavík, 15. mars 2021
2021030020

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

Borgartúni 14
105 REYKJAVÍK

Ylströnd

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs 8. mars 2021 var samþykkt eftirfarandi tillaga varðandi Ylströnd.

Ylströndin við Nauthólvík er rúmlega 20 ára gömul. Hún nýtur mikilla og sívaxandi vinsælda. Nú er svo komið að jafnvel á köldum vetrardögum er heiti potturinn sem þar er pakfullur. Á sumrin er þróngt á þingi í búningsklefum. Ástæða er til að skoða ýmsa þætti í rekstrinum svo ylströndin geti annað mikilli aðsókn. Gestir á Ylströndinni kalla eftir lengri opnunartíma einnig er kallað eftir útíklefa til fataskipta. Þá þarf að huga að betra aðgengi fyrir alla. - Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð felur íþróttá- og tómstundasviði að koma með tillögur að úrbótum þannig að Ylströndin geti annað betur þeirri auknu aðsókn sem er í þessa útvistar- og heilsuperlu.

VSÓ ráðgjöf hefur að beiðni Aðgengis- og samráðsnefndar fatlaðs fólks, tekið út aðgengismál í Nauthólvík. Í skýrslu VSÓ ráðgjafar eru margar ábendingar og ákveðið hefur verið að skipta þeim upp og byrja á breytingum innanhúss og aðgangi að eimbaði. Óskað hefur verið eftir við arkitekta hússins (Arkibúllan) að koma með tillögur að:

- Færslu á salerni fatlaðra
- Gerð sérklefa
- Breikka aðgengi fyrir sjúkrabörur í búningsklefum
- Stækka og hækka stétt til að bæta aðgengi að eimbaði.

Varðandi nýframkvæmdir þá hafa arkitektar hússins verðir beðnir um að koma með tillögu að:

- Gerð útíklefa
- Nýjum heitum potti
- Koma fyrir skápum/munaskápum

Einnig er unnið að hliðum vegna aðgangsstýringar og hjólaæfingasvæði

Varðandi afgreiðslutíma:

Þá hafa borist áskoranir og tilmæli frá þeim sem stunda sjóböð í Nauthólvík um að lengja afgreiðslutíma Ylstrandarinnar.



Helstu ábendingarnar sem borist hafa eru:

- Að opið verði á föstudögum
- Að opið verði á sunnudögum 11:00-16:00
- Að opið verði til 20:00 mánudaga - fimmtudaga og laugardaga 09:00-18:00
- Að opið verði til 20:30 þriðjudaga og fimmtudaga
- Að opið verði til 19:00 á laugardögum

Kostnaður við að framlengja laugardagsopnun frá 16:00-19:00 er um 2.0 mkr. á ári.

Kostnaður við að bæta við opnun á föstudögum kl. 11:00-19:00 er 7.0 mkr. á ári.

Kostnaður við að bjóða upp á opnun á föstudögum kl. 11:00-16:00 er 5.0 mkr.

Kostnaður við að bjóða upp á opnun á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 19:00-20:30 er 2.5 mkr.

Kostnaður við að bjóða upp á opnun á laugardögum frá kl. 09:00-18:00 og mánudaga - fimmtudaga til kl. 20:00 er kr. 6.5 mkr.


Ómar Einarsson.